

Góðan daginn.

Sendi hér bókun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs frá 07.09. 2016.

Kv. Stefán Bragason.

201609002 - Tillaga til þingsályktunar um náttúrustofur

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn tekur undir með bæjarráði og fagnar tillögunni og hvetur til þess að starfshópur um mat á starfssemi náttúrustofa, sem þar er lagður til, verði settur á fót.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Reykjavík, 15. september 2016

Ágæta umhverfis- og samgöngunefnd alþingis,

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar tillögu til þingsályktunartillögu um náttúrustofur þar sem lagt er til umhverfis- og auðlindaráðherra komi á fót starfshópi sem hafi það að markmiði að meta reynslu starfs náttúrustofa til 20 ára um leið og að kanna hagkvæmni þess að fela þeim fleiri svæðisbundin verkefni en náttúrustofumar hafa nú á sinni könnu.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót 2001 og innan stofnunarinnar eru nú 8 rannsóknasetur á 10 starfsstöðvum um landið. Flest rannsóknasetrana, og sérstaklega þau sem sinna rannsóknum á sviði náttúruvísinda, eiga í miklu samstarfi við náttúrustofur. Víða um landið eru rannsóknasetrin og náttúrustofur til húsa á sama stað en svo á við um í Sandgerði, Stykkishólmi, Bolungarvík, Húsavík, Egilsstöðum og Höfn. Samstarfið er af ýmsum toga og mismikið en að mati Stofnunar rannsóknasetra HÍ báðum aðilum afar dýrmætt. Verkaskiptingin milli rannsóknasetrana og náttúrustofanna hefur slípast til í gegnum árin enda hlutverk stofnananna ólíkt. Miklir möguleikar búa þó í enn frekari starfsemi náttúrustofanna, rannsóknasetrana sem og annarra þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni. Og ekki síður í aukni samstarfi þeirra.

Um leið og Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar þingsályktunartillögu um úttekt á starfi náttúrustofanna bendir hún á að ekki er síður mikilvægt að fram fari heildarúttekt á rannsóknastarfi á landsbyggðinni. Til enn frekar eflingar samstarfsins þarf að styrkja þá aðila sem að þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni standa og tengist það þá um leið byggðastefnu og vilja stjórnvalda til að byggja upp þekkingarstarfsemi af ólíkum toga utan þéttbýlissvæða. Í þessum efnum má benda á vinnuna sem fór af stað í kringum 2009 varðandi úttekt á þekkingarsetrum á landsbyggðinni. Sú vinna skilaði sér í áfangaskýrslu 2010, en aldrei varð neitt framhald af þeirri vinnu, eins og þó var meiningin. Sjá <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5550>

Ef þess er óskað væri það Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands ljúft að leggja til tíma og þekkingu sinna sérfræðinga í vinnu starfshóps eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni sem og í fyrmefnda heildarúttekt á rannsóknastarfi á landsbyggðinni ef af henni verður.

Með kveðju,

Sæunn Stefánsdóttir.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands
+354 525 4041 / +354 892 8835 / www.hi.is

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Höfn, 16. september 2016

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur. Þingskjal 1073- 647. mál.

Með tölvupósti dagsettu 1. september 2016 óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 647. mál.

Tillagan (sjá <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1073.pdf>) er þrjúþætt:

1. Stofnun starfshóps til að meta reynsluna af starfi náttúrustofa.
2. Mat á því hvort náttúrustofur ættu að taka að sér fleiri svæðisbundin verkefni.
3. Mótun leiða til að styrkja samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins.

Undirrituðum líst mjög vel á framkomna tillögu til þingsályktunar en hér á eftir verður fjallað nánar um ábendingar sem Samtök náttúrustofa vilja koma á framfæri.

Fyrsta náttúrustofan tók til starfa fyrir 21 ári síðan og í kjölfarið voru þær stofnaðar ein af annarri. Sú áttunda og síðasta, Náttúrustofa Suðausturlands, tók til starfa árið 2013. Starfsemi náttúrustofanna hefur verið öflug og fjölbreytt en með þeim hefur byggst upp verulega aukin þekking á náttúru landsins og um leið verið aukið framboð þekkingarkræfra starfa vítt og breitt um landið. Við hlið náttúrustofanna hafa á mörgum stöðum byggst upp öflugir kjarnar þekkingar á fræðasetrum ýmiss konar, sem einnig hafa styrkt byggðir. Stofnun og rekstur náttúrustofa hefur því að flestu leyti tekist vel. Lengi má þó gott bæta! Því er tímabært að líta yfir farinn veg, meta árangur af starfsemi og styrkja hana enn frekar!

Stofnun starfshóps til að meta reynsluna af starfi náttúrustofa er jákvætt og eðlilegt skref. Í tillögunni og greinargerðinni er ekki tilgreint hverjir ættu að tilnefna fulltrúa í slíkan starfshóp. Eðlilegt væri að það kæmi fram. Að mati undirritaðra er gríðarlega mikilvægt að meirihluti starfshópsins samstandi af fulltrúum sem þekkja ítarlega til starfsemi náttúrustofa. Í því sambandi er eðlilegast að óska eftir að Samtök náttúrustofa tilnefni einn eða fleiri fulltrúa í starfshópinn. Sveitarfélög eða samtök þeirra ættu einnig að eiga fulltrúa og má í því sambandi benda á að aðilar úr stjórnnum náttúrustofa, sem tilnefndir eru af sveitarfélögum, hafa sumir mikla reynslu af starfsemi stofanna.

Hlutverk náttúrustofa skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum, eru mjög fjölbreytt og víð. Þótt starfsemi mismunandi náttúrustofa sé um margt sambærileg, hafa þær þó þróast á ólíkan og skemmtilegan hátt. Í dag fást þær við fjölmörg og fjölbreytt verkefni en eftir niðurskurð í fjárframlögum undanfarin ár hefur þrengt að starfsmannahaldi á meðan verkefnum hefur lítið sem ekkert fækkað. Af þessum sökum er á flestum náttúrustofunum afar lítið eða ekkert svigrúm til að taka að sér ný verkefni nema þau séu fjármöggnuð að fullu. Að öðrum kosti gæti fjölgun eða stækkun verkefna leitt til veikingar náttúrustofanna. Sé fjármögnun tryggð eru

náttúrustofur þó afar jákvæðar fyrir því að taka að sér fleiri verkefni og hafa margar góðar hugmyndir um þörf og áhugaverð verkefni þegar verið mótaðar.

Náttúrustofurnar starfa talsvert saman á vettvangi Samtaka náttúrustofa og í einstökum samstarfsverkefnum tveggja eða fleiri náttúrustofa. Einnig á hver náttúrustofa í margs konar samstarfi við ýmsar innlendar og erlendar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga, enda er slíkt faglegt samstarf lífsnauðsynlegt fyrir smástofnanir af þessu tagi. Samstarfið við ríkisstofnanirnar er yfirleitt óformlegt og byggt á persónulegum kynnum og trausti. Undirritaðir telja að í sumum tilfellum væri æskilegt að styrkja og formfesta samstarfið við ríkisstofnanir. Þar þyrfti fyrst og fremst að horfa til verkefnanna sjálfra og að láta hagkvæmni og þekkingu ráða skiptingu verka og fjármagns í stað þess að láta veggi stofnana eða ráðuneyta hindra eðlilega framþróun.

Undirrituð eru hlynnt því að nefnd þingsályktunartillaga verði samþykkt, verði henni fylgt í anda þess sem fram kemur hér að framan.

Í Samtökum náttúrustofa eru allar náttúrustofur landins og er þetta bréf ritað fyrir hönd forstöðumanna þeirra:

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands (stofnuð 1995)
Ingvar A. Sigurðsson, Náttúrustofu Suðurlands (1996)
Nancy Bechtloff, Náttúrustofu Vestfjarða (1997)
Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands (1999)
Bjarni Jónsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra (2000)
Ó. Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands (2000)
Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands (2003)
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands (2013)

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Kristín Hermannsdóttir - formaður

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. september 2016
UST201609-007/A.B.G.
04.00

Efni: Þingsályktunartillaga um náttúrustofur, 647. mál.

Umhverfisstofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar vegna tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 647. mál.

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í framlagðri tillögu til þingsályktunar einkum hvað varðar að nauðsynlegt er að tryggja að fjármagn og fagþekking nýtist sem best. Mikilvægt er að sett verði skýr markmið með samráði og samstarfi náttúrustofa og stofnana ríkisins sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin telur einnig mikilvægt staða náttúrustofa sé skýrð. Nokkur dæmi eru um lögbundin verkefni og samstarf náttúrustofa við stofnanir ríkisins en starfræksla þeirra byggir á sérstakri heimild ráðherra sbr. II. kafla laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur. Samkvæmt því er ekki skylt að starfrækja náttúrustofur.

Nauðsynlegt er að fyrir hendi sé á hverjum tíma samhæfðar verkefnaáætlanir sem taka til stofnana ríkisins og náttúrustofa þannig að vöktunar-, rannsóknarverkefnum o.fl. sé forgangsraðað til nokkurra ára í senn. Sú forgangsröðun þarf að byggja á mati á ástandi umhverfisins í viðkomandi byggð, ástandi umhverfisins á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis — Umhv.- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 16.9.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-222
0.5

Með erindi dags. 1. september sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um náttúrustofur, 647. mál.

Veðurstofan fagnar þingsályktunartillögu þessari og telur mikilvægt að móta enn frekar samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins hvað varðar umhverfis- og auðlindamál. Hafa megi í huga aðkomu náttúrustofa, t.d. að atburðavöktun og náttúruvá. Ljóst er að þarna er um fjölbreytta samstarfs- og samnýtingarmöguleika að ræða.

Veðurstofan og Náttúrustofa Suðurlands hafa frá árinu 2014 verið með samstarfssamning um mönnun á vöktun á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Veðurstofan um langt skeið annast margvíslega vöktun á Stórhöfða til viðbótar hefðbundnum veðurmælingum. Einkum er um að ræða verkefni er varða alþjóðlega samninga íslenskra stjórnvalda um vöktun á grunnstyrk þungmálma og þrávirkra lífrænna efna. Einnig hefur stofnunin veitt ýmsum öðrum stofnunum og verkefnum, innlendum sem erlendum, brautargengi og er Stórhöfði orðinn vel þekktur í vísindasamfélaginu sem umhverfisvöktunarstöð. Má þar nefna vöktun fyrir Umhverfisstofnun Kanada, NOAA í Bandaríkjunum, sem og tékkneska vöktun á þrávirkum lífrænum efnum. Svo mætti lengi telja. Samstarf Veðurstofunnar og Náttúrustofu Suðurlands hefur verið afar farsælt og vinna starfsmanna Náttúrustofu Suðurlands afar fagleg og ábyrg.

Veðurstofan telur að aukið samstarf ríkisstofnana og náttúrustofa geti nýst á fjölbreytilegan hátt, s.s. styrkt vinnuferla, stýtt viðbragstíma, styrkt faglega aðkomu að verkefnum og ekki síst eft tengsl við landsbyggðina. Ýmsir samstarfsmöguleikar liggja handan hornsins. Hægt væri að nýta slíkt samstarf við umsýslu og viðhald þeirra fjölbreyttu mælitækja sem er að finna vítt og breytt um landið. Aðkoma náttúrustofa að náttúruváratburðum gæti eft og styrkt ýmis verkferli og verklag. Sem dæmi gæti verið mikill stuðningur fólgin í því að hafa staðkunnuga aðila með í ráðum, s.s. um skipulag og uppsetningu mælitækja vegna vöktunar á styrk gass, sýnatöku vegna efnasamsetningar úrkomu eða öskudreifingar. Vel skilgreint verklag og grundvöllur að samvinnu hefði t.d. verið mjög ákjósanleg sviðsmynd við eldgosíð í Holuhrauni 2014-2015.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ